

Ekkert letilíf á Bessastöðum

Eftir Þórarín Þórarínsson
Myndir: Gunnar Gunnarsson.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var valinn Íslendingur ársins 2007 af meirihluta þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Plússins fyrir Mannlíf undir lok árs. Nýliðið ár var viðburðaríkt hjá forsetanum, bæði í einkalífinu og á opinberum vettvangi, þótt oft áður hafi gustað meira um hann. Hann var lagður inn á spítala vegna offreytu í vor, eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, slasaðist alvarlega í skíðaóhappi og það fjölgaði um einn í barnabarnahópnum. Í störfum sínum kom forsetinn víða við og lét til sín taka á alþjóðavettvangi, ekki síst í umhverfismálum, auk þess sem hann hélt áfram að greiða götu útrásarvikinganna í alþjóðaviðskiptum. Hér ræðir hann það helsta sem dreif á daga hans á síðastliðnu ári, talar um umhverfismálin sem eru honum svo hugleikin og mikilvægi orkuútrásarinnar sem hann segir Íslendinga ekki mega klúðra með óeiningu og deilum.

Ólafur Ragnar segir framlag Íslendinga til orkumála í heiminum seint verða ofmetið enda sé öflugasta leiðin til að draga úr hlýnun jarðar að umturna orkubúskapnum frá kolum og olíu til hreinna orkugjafa. Þar búi Íslendingar yfir einstakri þekkingu.

„Ég held að það sé brýnt að menn átti sig á því hér heima að þetta er ekki bara eitthvert hjóm, áróður sem hefur verið búinn til. Þetta er raunveruleg þörf fjölmargra í veröldinni sem kalla eftir samstarfi við Íslendinga. Mér finnst það í raun og veru vera siðferðileg skylda okkar, hvort sem það er í orkumálum, vísindum eða á öðrum sviðum, að taka þátt í þessu samstarfi. Ef við ætlum að klúðra því með einhverju delluverki hér heima, ágreiningi og skorti á samstöðu þá væri það mikið tjón fyrir heimsbyggðina.“ Forsetinn segir að þrátt fyrir smæð þjóðarinnar sé framlag hennar til umhverfismála eftirsótt. Aðrar þjóðir horfi með aðdáun á þann árangur sem Íslendingar hafa náð í umhverfisvænni orkuframléiðslu.

Í brennidepli loftslagsbreytinga

„Það er kallað eftir framlagi Íslands og þátttöku af miklu meiri þunga heldur en margir hér heima gera sér grein fyrir. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Ein er sú að þegar litið er á stigmatöflu ríkja heims þá er árangur Íslendinga einstaklega glæsilegur. Við erum eina landið sem hefur náð því á einni mannsævi að breyta orkukerfinu frá því að vera yfir 80 prósent háð kolum og olíu yfir í það að hundrað prósent af raforkuframléiðslunni eru byggð á hreinum orkulindum og húshitunin í öllu landinu er með sama hætti. Þetta finnst öðrum þjóðum svo merkilegt að kallað er eftir framlagi forsetans víða erlendis í tengslum við orkumál.

Ég var beðinn um að koma í umræðuþátt á CNN um þessi efni nýlega. CNN væri ekki að því nema menn þar á bæ teldu eftir einhverju að slægjast með þátttöku Íslands,“ segir

Ólafur Ragnar og bætir því við að margir hafi lagt leið sína á Bessastaði til þess að ræða orkumál, ráðherrar, forystumenn fyrirtækja og aðrir ráðamenn. Orkumál hafi líka skipt miklu í samræðum við forseta Kína og forseta Indlands þegar þeir komu hingað í opinbera heimsókn. Forseti fátæks Afríkúríkis, Djíbútís, kom sérstaklega til Íslands til að leita eftir samstarfi um virkjun jarðvarma til orkuframleiðslu í sínu heimalandi.

„Þeir eru ótalmargir fundirnir sem ég hef átt hérna á Bessastöðum með erlendu áhrifafólki og áhugamönnum sem eru komnir hingað til þess að kynna sér reynslu Íslendinga og hvernig okkur hefur tekist þetta.“

Ólafur Ragnar segir aðra ástæðu fyrir áhuganum á Íslandi tengjast því að við séum á vissan hátt í brennidepli loftslagsbreytinganna. Á Íslandi séu mestu jöklar í Evrópu. Bráðnun þeirra, ásamt því sem er að gerast á Grænlandi og norðurskautinu, sýni loftslagsbreytingarnar í hnotskurn. Því horfi heimsbyggðin og vísindasamfélagið hingað. „Þó við hömpum því ekki oft þá er stærsta eyðimörk Evrópu á Íslandi. En hér er líka aldarlöng saga skipulegrar landgræðslu og skógræktar og jarðrækt er ein mikilvægasta aðferðin til að hamla gegn loftslagsbreytingum. Mönnum finnst mjög athyglisvert hvernig þjóðin hefur í hundrað ár barist við þessa eyðimörk og hve miklum árangri við höfum náð.“

En líklega er það þó fyrst og fremst viðamikil þekking á orkuframleiðslu sem heillar umheiminn mest og Ólafur Ragnar segir öflugt vísindasamfélag á Íslandi, háskólana og rannsóknarstofnanir hafa mikið fram að færa.

„Mikil þekking og reynsla er til staðar í fyrirtækjum og stofnunum eins og Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Jarðborunum, Orkustofnun, ÍSOR og Landsvirkjun. Hér er öflug sveit vísindamanna, tæknimanna, verkfræðinga og náttúruvísindamanna sem eru í fremstu röð. Það er einfaldlega staðreynd að Orkuveita Reykjavíkur, sem hefur nú lent í einhverri gerningahríð, er fremsta fyrirtæki veraldar á sínu sviði. Þess vegna leita menn, hvort heldur þeir eru frá Kína, Bandaríkjunum eða fátæku Afríkúríki, eftir samstarfi við Orkuveituna. Þeir stefna að sama árangri og hér hefur náðst og leita því eftir samvinnu þá sem bestir eru í veröldinni.“

Brýnasta verkefni 21. aldarinnar

Ólafur Ragnar bendir á að fyrir utan það sem fyrr er talið geti Íslendingar gegnt mikilvægu hlutverki í alþjóðlegum samningum og alþjóðlegri umræðu um hvernig bregðast megi við loftslagsbreytingum, brýnasta verkefni 21. aldarinnar að dómi flestra vísinda- og ráðamanna veraldar.

„Við erum lítil þjóð og höfum enga annarlega hagsmuni. Ef Bandaríkjamenn eða Evrópusambandið setja fram hugmyndir eða tillögur í þessum efnum er hætt við að þær lentu í pólitískri spennitreyju gagnvart löndum eins og Indlandi og Kína. Ef litla Ísland leggur fram hugmyndir þá vita menn að við erum ekki með neina annarlega hagsmuni í farangrinum, hvorki hernaðarlega, pólitíska né fjármálalega. Við erum einfaldlega að leggja til það sem við teljum vera skynsamlegt. Baráttan við loftslagsbreytingar er risavaxið verkefni. Ef við bregðumst í því stríði er hætt við að tilvera barna okkar og barnabarna verði óbærileg. Það er varla hægt að nota nægilega stór orð til að lýsa þeirri sök okkar ef við sköpum þeim slík örlög.“

Ólafur Ragnar bendir á að nýting orku úr kolum og olíu hafi fyrst og fremt skapað þennan vanda. Því snúist baráttan gegn loftslagsbreytingum um nýtt orkukerfi. Þar hafi Ísland einstaka stöðu.

„Forseti Kína, forseti Indlands og forseti Djíbútís voru ekki í skemmtiferð á þessari eyju í Norður-Atlantshafi. Þeir vita að hér er að finna mikilvægan lærdóm sem þeir geta nýtt á sínum heimaslóðum.“

Ólafur Ragnar segir mjög ánægjulegt að fylgjast með árangri af samvinnu Íslendinga og Kínverja um hitaveitu. „Það var gaman að vera Íslendingur í Kína fyrir tveimur mánuðum og heimsækja borgina Xian Yang þar sem Orkuveita Reykjavíkur og Glitnir hafa í samvinnu við Kínverja verið að leggja hitaveitu. Nú þegar hefur orkuveri sem knúíð var kolum verið lokað í einu borgarhverfinu. Verkefnið hefur gengið afar vel á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því ég fór í opinbera heimsókn til Kína og skrifað var undir samning um hitaveituna. Nú eru Kínverjar svo ánægðir með þennan árangur að þeir vilja endurtaka leikinn í ýmsum stórborgum landsins eins og fram kom í samræðum mínum við forseta Kína nýverið. Þetta er ekki bara spurning um að leggja hitaveitu heldur líka að draga stórlega úr mengun í þessum borgum, draga úr lungnasjúkdómum og öðrum veikindum, skapa fólki betri lífsskilyrði.“

Embætti í stöðugri þróun

Embætti forseta Íslands hefur tekið nokkrum breytingum í tíð Ólafs Ragnars. Hann segist í raun telja það eðlilegt.

„Forsetaembættið hefur ævinlega tekið tillit til tíðarandans og kannski má segja að með forsetatíð Vigdísar hafi embættið orðið tæki í markvissri viðleitni til að styrkja stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Að nokkru leyti má halda því fram að kalda stríðið og staða heimsmálanna á árunum frá því upp úr 1950 og fram undir 1990 hafi þrengt svigrúm embættisins í þeim efnum, eins og reyndar stöðu landsins alls. Nú er heimsmyndin breytt, bæði á vettvangi alþjóðamála, sem og viðskipta, vísinda og menningar. Ísland á mörg tækifæri í þessari nýju heimsmynd. Forsetaembættið hefur reynst öflugt verkfæri ef menn vilja beita því til þess að styrkja þessa stöðu, opna dyr, efla sambönd og skapa tækifæri fyrir nýja kynslóð Íslendinga. Þetta er kjarninn í því sem ég hef verið að reyna að gera: að skapa nýrri kynslóð Íslendinga tækifæri til að eiga áfram rætur á sinni heimaslóð en hafa heiminn allan að athafnavelli. Að því leyti er forsetaembættið í þróun. Ég var ekki með neina hernaðaráætlun um hvernig ég ætlaði að breyta forsetaembættinu þegar ég tók við því en gerði mér þó grein fyrir því að sóknarfærin væru fjölpætt. Enda getur forseti ekki ákveðið einn að breyta embættinu: það gerist í samskiptum og samleik við þjóðina; það er því vilji annarra en forsetans sem hefur úrslitaáhrif.“

Ólafur Ragnar segir að hér hafi skipti miklu vilji menntastofnana, ýmissa samtaka, almennings, viðskiptalífsins og annarra á Íslandi til að eiga samstarf við forsetann og kalla eftir liðsinni hans. Þá hafi það einnig sitt að segja með hvaða hætti leitað sé eftir þátttöku forsetans á alþjóðavettvangi.

„Við erum í þeirri stöðu að eftirspurnin eftir þátttöku forsetans er svo mikil, og raunar vaxandi, að það er því miður engan veginn unnt að anna öllu því sem óskað er eftir. Sami fjöldi starfsmanna hefur unnið hjá embættinu undanfarin 15 ár og ég segi stundum þegar annrikið er sem mest á skrifstofunni að verra væri ef eftirspurnin væri engin. Ég held að embættið muni halda áfram að þróast og taka mið af óskum, væntingum og vilja þjóðarinnar og hins alþjóðlega umhverfis. Og svo náttúrulega líka því í hve miklum mæli forsetinn sjálfur, sá sem gegnir embættinu, er reiðubúinn að verða við þeim óskum og nýta þau tækifæri. Ég hef fyrst og fremst litið á það sem skyldu mína að styrkja stöðu þjóðarinnar og greiða götu nýrra kynslóða. Það er engan veginn sjálfgefið að unga fólkið

okkar kjósi að búa áfram á Íslandi. Ég hef átt samræður við fjölda ráðamanna, til dæmis í Austur- og Mið-Evrópu. Þeirra stóra vandamál er að unga fólkið er að fara burt. Þeir undrast þennan galdur Íslands að takast að halda í unga fólkið.“

Vont að hringla með stjórnarskrána

Ólafur Ragnar telur það henta forsetum lýðveldisins ágætlega að hafa svigrúm til þess að þróa embættið og segist ekki sjá ástæðu til þess að skilgreina það nánar í stjórnarskrá. „Nei, ég held að það sé ekki ástæða til þess. Það segi ég bæði með tilliti til míns fræðilega bakgrunns, þeirra starfa sem ég gegndi fyrrum á vettvangi Háskóla Íslands, þátttöku minnar í þjóðmálum áður fyrr og reynslunnar af 12 árum í embætti. Það er athyglisvert hvernig embættið hefur stöðugt þróast frá tíð Sveins Björnssonar og hvernig hver forseti hefur sett á það sitt mark. Stjórnarskráin hefur veitt svigrúm fyrir þessa þróun án þess að hrikta í stjórnskipuninni. Ég hef oft sagt að það er merkilegur vitnisburður um hugsun þeirra manna sem mótuðu íslensku stjórnarskrána, forystusveitar þjóðarinnar á fyrri hluta síðustu aldar, að stjórnarskráin er svo listilega smíðuð að hún hefur veitt svigrúm fyrir þessa þróun og breytingar sem orðið hafa, bæði í viðfangsefnum þjóðmálanna sem og í þjóðfélaginu án þess að þurft hafi að gera róttækar breytingar á henni. Slík er eðalkostur stjórnarskrár. Það er vont að vera að hringla með stjórnarskrár.“

Þegar ég skrifaði ekki undir fjölmiðlalögin á sínum tíma spáðu margir, sumir virtir aðilar í okkar samfélagi, að það myndi leiða til alvarlegrar stjórnskipunarkreppu, það myndi hrikta í stjórnskipun landsins. Staðreyndin varð sú að stjórnskipunin virkaði fullkomlega eðlilega og forsetinn beitti því valdi sem stjórnarskráin fól honum. Þingið brást við með því að lögin voru afnumin. Þau höfðu ekki stuðning þings eða þjóðar þegar á reyndi, allt féll í ljúfa löð og engin stjórnskipunarkreppa birtist okkur. Þannig að ég tel að stjórnarskráin veiti eðlilegt svigrúm fyrir þá þróun forsetaembættisins sem þjóðin styður: engin þörf fyrir þröngar verklýsingar sem stundum er kallað eftir í blöðum eða á öðrum vettvangi. Enginn forseti getur axlað byrðar eða tekið þátt í athöfnum eða verið á vettvangi á ýmsum sviðum nema þjóðin í stórum dráttum styðji það. Slíkt er hin lýðræðislega trygging. Hún er í raun mikilvægasta akkeri forsetaembættisins. Ef hann nýtur ekki trúnaðar þorra þjóðarinnar þá er alveg sama hvað einstaklingurinn sem gegnir embættinu lætur sér detta í hug, það er einfaldlega ekki framkvæmanlegt. Ætli þetta sé ekki kjarninn í hinu lýðræðislega eðli embættisins; þessi samræða forsetans og þjóðarinnar sem hvergi er nákvæmlega skilgreind en er engu að síður fyrir hendi. En það er út í hött að gera þá kröfu að allir séu ætíð hundrað prósent að hrópa húrra fyrir forsetanum. Það getur ekki gerst í lýðræðisríki.

Embættið er ekki upphafið tignarembætti líkt og konungdæmi fyrr á öldum eða á okkar tímum. Forsetinn er einfaldlega lýðræðislega kjörinn fulltrúi þjóðarinnar, sá eini sem hún kys þar sem allir Íslendingar sitja við sama borð óháð því hvar þeir búa á landinu.“

Gott samband við ríkisstjórnina

Forsetinn segir samband sitt við nýja ríkisstjórn vera mjög gott og í raun hafi hann ekki yfir neinu að kvarta hvað varði sambandið við ríkisstjórnir síðustu 12 ára. „Þegar litið er til baka hefur samband mitt við ráðherra og ríkisstjórnir á þessum 12 árum yfirleitt verið afar gott og farsælt. Ég kvarta ekkert í þeim efnum þótt auðvitað hafi, eins og allir vita, orðið ósætti um örfá atriði. En það er ekkert nýtt í sögu forsetaembættisins. Það varð

ágreiningur um ákveðin atriði í forsetatíð Sveins Björnssonar og sömuleiðis Ásgeirs Ásgeirssonar, ágreiningur milli forseta og þáverandi ríkisstjórna og ekki voru allir sáttir við allar aðgerðir Kristjáns Eldjárns. Það er ekkert nýtt að það geti verið ágreiningur um einhver atriði milli forsetans og einstakra ráðherra eða ríkisstjórna. Eðli embættanna er þannig að ef að slíkt gerðist aldrei þá væri í raun og veru spurning hvort menn væru að gegna skyldum sínum. Þegar ég lít yfir þessi 12 ár er ég mjög þakklátur fyrir það að í stórum dráttum hefur verið farsælt samstarf milli mín og ríkisstjórna og ráðherra. Samstarfið við þá ríkisstjórn sem nú situr og ráðherra hennar hefur verið mjög farsælt og ánægjulegt. Enda þarf það í raun og veru að vera þannig. Við erum öll í vinnu fyrir þjóðina, fólkið í landinu. Það sem mestu máli skiptir er hvað gagnast hagsmunum lýðveldisins. Ef menn hafa það í huga þá leysast yfirleitt öll mál.“

Sameiningartákn

Ólafur Ragnar er spurður hvort hann líti á sig sem landsföður eða valdsmann. „Valdsmaður er óljóst hugtak. Það eru margir valdsmenn til, hvort sem það er í sveitarstjórnnum eða landsstjórninni. Segja má að hver alþingismaður sé á vissan hátt valdsmaður og hver sem kjörinn er af hálfu þjóðar er á einhvern hátt valdsmaður. Forsetanum er auðvitað falið ákveðið vald í stjórnskipuninni og þess vegna er hann valdsmaður. Ég tel mikilvægt að forseti sé meðvitaður um það vald og að hann hiki ekki við að beita því ef á þarf að halda. Það er sú trygging sem þjóðin vill að sé til staðar. Ég kynntist því mjög vel í kosningunum 1996 því oft var ég spurður á fundum vítt og breitt um land allt hvort ég væri reiðubúinn að beita málskotsréttinum. Skoðanakannanir sýndu líka fyrir nokkrum árum að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar ætlaðist til þess að forsetinn beitti því valdi. Að vera landsfaðir er í raun og veru enn óljósara hugtak. Sama gildir um hugtakið sameiningartákn sem stundum er notað. Auðvitað er mikilvægt að forsetinn sé með vissum hætti landsfaðir og sameiningartákn. Hann má þó ekki vera svo upptekinn af því hlutverki að ef einhver lýsir óánægju með það sem forsetinn er að gera þá bakki hann og hætti við af því að sameiningartákn sé skilgreint á þann hátt að allir eigi að vera ánægðir. Ég tel að forsetinn eigi að vera landsfaðir í þeim skilningi að hann eigi að hefja sig yfir dægurþras og ágreining. Hann á að hefja sig yfir togstreitu á milli flokka og hagsmunaafila. Hann er sá eini sem kjörinn er beint af þjóðinni og á að hugsa um hagsmuni hennar sem heildar, landsins alls. Það hef ég reynt að gera.“

Sjálfstæðisbarátta nýrrar aldar

Dýfan sem hlutabréfamarkaðurinn tók á síðari hluta nýliðins árs veldur forsetanum sem hefur verið dyggur stuðningsmaður útrásarfyrirtækja ekki teljandi áhyggjum.

„Ég hef í sjálfu sér ekki þungar áhyggjur af þessu vegna þess að það er eðli markaða að sveiflast. Uppgangurinn á undanförunum árum hefur verið svo einstæður að það hlaut að koma bakslag. En það er enn gífurlegur sóknarkraftur í íslenskum fyrirtækjum. Og hvers vegna? Í umræðunni um þessi fyrirtæki er oft eingöngu litið til forstjóranna og fáeinna eigenda. Það er villandi. Staðreyndin er sú að á þessum vettvangi starfa þúsundir ungra Íslendinga sem hafa verið að mennta sig og þjálfá í háskólum og menntastofnunum vítt og breitt um veröldina. Það er þessi fjölmenna sveit sem er burðarásinn í útrásinni og hefur gert fyrirtækjunum kleift að ná miklum árangri. Kannski er ein helsta ástæða þess að ég hef sinnt útrásinni svona mikið að ég tel í henni felast stærstu tækifæri nýrrar kynslóðar á Íslandi til að sannfærast um að hún getur búið á Íslandi en starfað á

alþjóðavísu, hún þarf ekki að yfirgefa landið til að ná árangri. Þegar ég hef verið virkur í þessu starfi þá er það ekki til að þjóna einhverjum fyrirtækjum eða auðmönnum eins og stundum er sagt þegar menn vilja gagnrýna þátttöku forsetans. Ég lít fyrst og fremst á þetta sem eins konar sjálfstæðisbaráttu nýrrar aldar, sjálfstæðisbaráttu sem snýst um að sannfæra ungu kynslóðina á Íslandi um að hennar besti kostur sé að hafa Ísland áfram sem bækistöð en geta orðið athafnasöm á heimsvísu.“

Gagnrýni byggð á misskilningi

Þeir sem sækja á erlenda markaði í orkumálum, fjármálum og á ýmsum öðrum sviðum fara ekki leynt með mikilvægi þess stuðnings sem forsetinn hefur sýnt þeim í verki. Þrátt fyrir það fyrirfinnast þeir sem finnast nóg um útrásaráhuga forsetans og sú gagnrýni hefur ekki farið fram hjá Ólafi Ragnari.

„Ég hef ekki látið það trufla mig þótt einhverjir hafi verið að gagnrýna þetta vegna þess að sú gagnrýni hefur stundum byggst á misskilningi eða takmarkaðri þekkingu á því sem verið er að gera. Eins og ég sagði áðan þá hef ég fyrst og fremst litið á framlag mitt sem liðsinni við það sem ég hef kallað sjálfstæðisbaráttu nýrrar aldar. Inni í fyrirtækjunum er mikill fjöldi af ungu fólki. Ef það hefði ekki þennan starfsvettvang innan íslenskra fyrirtækja, háskóla eða í menningunni þá færi það einfaldlega burtu. Þetta er hæfileikaríkt fólk sem margir vildu fá til sinna landa. Þar að auki tel ég að styrkur fyrirtækjanna gagnist þjóðinni allri í gegnum skatta, skyldur, atvinnu og tekjur fjölda fólks. Ég lít svo á að framlag mitt hafi verið til þess að styrkja þjóðarbúskapinn að einhverju leyti og efla efnahagskerfi landsmanna.“

Ólafur Ragnar bendir á að sjálfsgagt hafi þótt að forverar hans hafi hjálpað til við að selja saltfisk til Spánar og Ítalíu og liðsinna Flugleiðum í útlöndum. Hann sjái því ekkert athugasvert við það að hann aðstoði banka og aðrar fjármálastofnanir í sókn þeirra á erlenda markaði. „Útrásarstarfsemin á okkar tímum er sjávarútvegur hinnar nýju aldar. Bankarnir eru farnir að skila meira tekjum í þjóðarbúið en sjávarútvegurinn. Þess vegna er þetta liðsinni til styrktar almennri velmegun í landinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að forsetinn eigi ekki að sitja aðgerðalaus á Bessastöðum, heldur eigi hann að taka þátt í því að skapa þjóðinni betri kjör og traustari efnahag.“

Fáránleg umræða um einkaþotur

Á síðasta ári fór af stað fjölmiðlaumræða um ferðalög forsetans með einkaþotum auðmanna og sýndist sitt hverjum. Ólafur Ragnar segist aðspurður ekki óttast að þessar þotuferðir og mikil samskipti við auðmenn verði til þess að tengsl hans við íslenska alþýðu rofni.

„Ég óttast ekkert að ég sé að missa tengslin við íslenska alþýðu. Það hvarflar ekki að mér. Þessi umræða um einkaþoturnar er satt að segja afar léttvæg. Ætli ég hafi ekki á undanförunum árum farið fjórum eða fimm sinnum með einkaþotum og jafnan af illri nauðsyn, vegna þess að það var eina leiðin til þess að komast í tæka tíð á tiltekinn stað. Átti ég til dæmis að afþakka fundinn með forseta Kína af því að ég mátti ekki fara þangað í þotu sem Glitnir hafði leigt? Ég get til samanburðar lýst því að á þessu ferðalagi sem hófst í þessari þotu til Kína flaug ég mikið innan Kína, svo til Kaliforníu og Alaska og síðan hingað heim. Allt var það með áætlunarflugi. Ferðin frá Alaska og heim tók rúman sólarhring. Fluginu frá Alaska til Seattle seinkaði um nokkra klukkutíma svo að við

lögðum ekki af stað fyrr en um miðnættið. Gátum bara sofið í Seattle í tvo tíma því áætlunarflugið til Boston var eldsnemma að morgni en það urðum við að taka til að ná síðdegisvélinni til Íslands. Ég var þannig búinn að vera á ferðalagi með áætlunarflugi í rúman sólarhring með aðeins tveggja tíma svefni. Ætli ferðir mínar með áætlunarflugi séu ekki hátt á annað hundraðið á undanförunum árum, ferðir í einkapotum teljandi á fingrum annarrar handar. En auðvitað verður forsetinn að fara gætilega í þessum efnum. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla að samvinna mín við fyrirtæki landsins og stjórnendur þeirra hafi á einhvern hátt skert sjálfstæði embættisins. Ég treysti alveg dómgreind minni í þeim efnum. Staðreyndin er sú að þorinn af athöfnum forsetans er hér á heimavettvangi. Dögum saman er fjölmargt á dagskránni hér heima án þess að það vekir nokkra athygli í fjölmiðlum eða komi nokkurs staðar fram nema gagnvart þeim samtökum, einstaklingum eða hópum sem eiga hlut að máli hverju sinni. Þetta geta menn séð á vefsetri embættisins þar sem birt er eins konar vinnudagbók forseta.“

Ólafur Ragnar bætir við að einhverra hluta vegna sé því svo farið að athafnir forsetans hér heima vekir minni athygli. „Staðreyndin er líka sú að við lifum á alþjóðlegum tímum þar sem engin þjóð hefur tryggingu fyrir því að henni takist að hasla sér völl í heiminum. Ef við sinnum ekki hagsmunum okkar á heimsvísu þá mun Ísland dragast aftur úr, lífskjörin skerðast og tækifæri kynslóðanna til þess að njóta ættjarðarinnar verða minni en ella.“

Forsetinn má ekki hljóma eins og asni

Þegar talið berst að einkalífi forsetans segir hann síðastliðið ár að mörgu leyti hafa verið erfitt. Miklar annir taki sinn toll og ofan á það allt saman bættust svo slys og veikindi. Forsetafrúin slasaðist mjög illa þegar hún datt á skíðum í Aspen, lærbrotnaði og handleggsbrotnaði.

„Hún er ekki búin að ná sér enn. Þetta var mjög slæmt slys. Sjúkraliðarnir sem sóttu hana upp í fjallið sögðu að hún hefði varla lifað þetta af hefði hún ekki verið með hjálm. Höggið var svo mikið að hjálmurinn klofnaði.“

Annirnar sem fylgja embættinu taka einnig sinn toll. Ólafur Ragnar segir að fyrir utan þann tíma sem fari í ferðalög, fundi og ýmsa viðburði þurfi hann mikinn tíma til þess að kynna sér mál, lesa sér til og semja ræður, fyrirlestra og erindi. „Ég skrifa allar mínar ræður sjálfur, hvort sem það eru fyrirlestrar við háskóla erlendis eða ræður og ávörp hér heima. Þær skipta mörgum tugum á hverju ári svo að mikill tími fer í þessa vinnu. Ég hef flutt tvo fyrirlestra við Harvard á þessu ári,“ segir Ólafur Ragnar og nefnir einnig fyrirlestur við Ohio-háskóla, fyrirlestur á alþjóðþingi Jarðvegssamtaka Bandaríkjanna og í háskóla í Kína. Hann segir fyrirlestra sem þessa síður en svo hrista fram úr erminni.

„Áheyrendurnir í Harvard eru til dæmis mjög gagnrýnir. Ef forseti Íslands hljómaði eins og asni á þeim vettvangi þá væri það ekki gott fyrir þjóðina.“

Fjölskyldan í forgrunni

Forsetinn segir vinnudag sinn iðulega hefjast snemma að morgni og ná langt fram á kvöld auk þess sem helgarnar séu yfirleitt annasamar. „Þetta kemur auðvitað á vissan hátt niður á persónulegu lífi. En við Dorrit reynum öðru fremur að nýta strjálur frístundir til samskipta við stelpurnar, Döllu og Tinnu, og fjölskyldur þeirra. Tengsl við vini hafa hins vegar liðið fyrir þessar annir og mér þykir það mjög leitt því ég á stóran hóp vina og hef

notið þess í gegnum árin að eiga góðar stundir með þeim. En við höfum kosið að láta fjölskylduna vera í forgrunni og nota þennan tíma sem afgang er fyrir hana, tíma sem er því miður alltaf að skerðast. Vandinn er sá að eftirspurnin eftir þátttöku forseta er alltaf að aukast, óskir um að forsetinn komi að fundum og ráðstefnum hér heima og alls konar viðburðum og ráðstefnum erlendis, og haldi fyrirlestra. Þessar óskir eru orðnar svo margar að útilokað er að verða við þeim öllum.“

Ólafur Ragnar segir erfitt að afþakka góð boð sem oft fylgi miklar væntingar, mikið geti verið í húfi fyrir ýmis samtök og hópa, að ekki sé talað um þjóðina. „Ef vel er á haldið getur þátttaka í ýmsum viðburðum skipt Ísland miklu. Þar má t.d. nefna þátttöku mína nýverið í þætti CNN sjónvarpsstöðvarinnar. Af einhverjum sérkennilegum ástæðum ákváðu þeir að taka hann upp í Singapur svo ég þurfti að hugsa mig um enda um langt ferðalag að ræða, eina tólf tíma í flugvél hvora leið. En ég komst að þeirri niðurstöðu að það væri mikil viðurkenning fyrir Ísland og forsetaembættið að sjónvarpsstöðin CNN byði forsetanum að vera meðal fimm þátttakenda í pallborðsumræðum. Þannig metum við erindin hverju sinni og tókum afstöðu. Ef menn hafa þá mynd af forsetanum að hann sé bara að dútla hérna á Bessastöðum, sitji í hægindum og hafi það rólegt þá er það fjarri veruleikanum. Auðvitað gæti forsetinn, hver sem hann væri, tekið þá afstöðu að hann nennti ekki að standa í þessu og kysi að sitja bara og bíða eftir að lögin kæmu frá Alþingi, skrifað undir þau en að öðru leyti slappað af. Ég hef stundum sagt í gríni að það væri svolítið fróðlegt að vita hver yrðu viðbrögð þjóðarinnar við slíkum forseta.“

Slakar á á hlaupabrettinu

Í vor fann forsetinn fyrir slappleika og var í kjölfarið lagður á sjúkrahús þar sem óttast var að veikindi hans væru alvarleg. Þegar sjúkdómsgreiningin lá fyrir reyndist hún, góðu heilli, vera ofþreyta. En er forsetinn að ofgera sér á sál og líkama? „Auðvitað tekur þetta á og álagið er vissulega oft mikið,“ segir Ólafur Ragnar og bætir við að þegar hann veiktist í vor hafi hann verið búinn að vera á stífum ferðalögum með miklum fundahöldum og lítilli hvíld. Þegar heim var komið tóku svo strax við miklar annir.

„Eitthvað lét undan þannig að ég lenti í þessari uppákomu sem var, sem betur fer, ekki alvarleg þótt það liti svo út í byrjun. Það var ástæðan fyrir því að lækarnir vildu flytja mig suður með þylru. Þeim fannst þetta geta bent til heilablóðfalls en svo reyndist, til allrar hamingju, ekki vera. Þeir hafa auðvitað sagt hvað eftir annað að ég verði að passa mig en viljinn er mikill og óskirnar, mér finnst erfitt að sinna þeim ekki.“

Ólafur Ragnar viðurkennir þó að vissulega verði að hugsa um heilsuna og það reyni hann að gera. „Á hverjum morgni, fljótlega eftir að ég vakna, tek ég rúman klukkutíma á hlaupabrettinu og stundar stífar æfingar. Ég væri fyrir löngu búinn ef ég gerði þetta ekki,“ segir forsetinn um leið og hann viðurkennir að hann finni fyrir streitunni og álaginu á lögum ferðalögum og nefnir sem dæmi þrjár vinnuferðir til Bandaríkjanna í haust. Þaðan fór hann beint til Kína í viðamikla dagskrá í fimm borgum, áfram til Kaliforníu, og þá til Alaska og loks heim, en sá áfangi tók sólarhring eins og fram kom hér að framan. Það var þreyttur forseti sem sneri heim eftir það ferðalag en þar beið hans samfelld margra vikna dagskrá á Íslandi.

Bóklestur, bíó og útivera

Ólafur Ragnar segist aðspurður stundum bregða sér í bíó til þess að slaka á. „Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um kvikmyndir. Ég hef tekið eftir því að stundum er ég eini maðurinn á sæmilegum aldri í bíóinu, hitt er allt ungt fólk. En mér finnst kvikmyndin á margan hátt vera miðill okkar tíma. Margt af því sem þar kemur fram er ekki aðeins ánægjuleg skemmtun heldur líka ákveðin sýn á nútímann, vandamál, menningu og viðfangsefni. Svo reyni ég líka að fylgjast með íslenskum bókmenntum og íslenskum fræðum, les eftir bestu getu töluvert af slíku efni. Það er viss afslöppun fólgin í því. Þetta og útvístin hjá okkur Dorrit, gönguferðir og annað, er mín besta slökun.

Forsetinn segir íslenskt samfélag, sem betur fer, enn vera þannig að hann og Dorrit geti brugðið sér af bæ í friði og ró, farið á veitingahús, gengið um borgina og farið í bíó, óáreitt. „Auðvitað gerist það oft að fólk kemur og spjallar við okkur. Yfirleitt er það mjög elskulegt. Það er líka kostur að Dorrit hefur sitt annað heimili í London og ég hef stundum tekið þar dag og dag í tengslum við aðrar ferðir. Það getur verið gott að vera í stórborg þar sem enginn þekkir mann. Þá er hægt að fara í skokk og kraftgöngur um göturnar án þess að nokkur trufla þótt ég hafi rekist á Íslendinga í slíkum leiðöngurum. Það er líka hvíld í því að komast í annað umhverfi. Það væri mikil afturför ef íslenskt samfélag breyttist á þann hátt að forsetinn gæti ekki lifað venjulegu lífi á eðlilegan hátt. Sem betur fer er það enn hægt og engin sérstök vandamál fólgin í því. Þegar við Dorrit vorum að kynna fundum við fyrir dálítið þrúgandi áhuga hjá einstaka fjölmiðlasníllingum sem meðal annars fóru að hringja á vídeóleiguna þar sem við sóttum okkur stundum myndir til þess að reyna að komast að því hvaða myndir við værum að horfa á. En því hefur nú linnt, sem betur fer.“

Þurfum að finna nýtt jafnvægi

Teikn eru á lofti um að sú mikla hagsæld sem ríkt hefur á Íslandi undanfarin ár sé á undanhaldi en forsetinn telur þó ekki ástæðu til að óttast. „Undanfarin ár hefur verið svo mikil sigling á Íslendingum að það er á vissan hátt eðlilegt að hægi á henni.“ Ólafur Ragnar nefnir í þessu sambandi mikil umsvif og framkvæmdir hjá einstaklingum og fyrirtækjum, byggingaframkvæmdir og ný hverfi sem rísa. Við þetta bætist svo gríðarlegur innflutningur á neysluvörum, bílum og öðru. „Þetta er náttúrulega á engan hátt eðlilegt ástand til lengdar. Ef þjóðin ætlar að varðveita styrkinn til þess að sækja fram til aukinnar velsældar og hagvaxtar verður að efla sparnað. Við þurfum að leggja meiri áherslu á að finna nýtt jafnvægi milli sparnaðar og aðhaldssemi annars vegar og framfaranna og sóknarinnar í efnahags- og viðskiptalífinu hins vegar. Við höfum ekki enn fundið þetta jafnvægi. Við þurfum að ná því á nýju ári.

Ég held hins vegar að þó að gefið hafi á bátinn undanfarið hjá ýmsum þá sé enn gríðarlegur sóknarkraftur í íslensku viðskiptalífi.

Ísland er sérkennileg blanda og það hefur nýst okkur vel að fólk í menningu, vísindum, menntun og viðskiptum blandar geði og hrærist saman í einum potti. Áhrifin verða gagnkvæm og lifandi. Í stærri samfélögum hafa menn tilhneigingu til að lifa bara í sínum kassa og umgangast einungis fólk sem er að gera það sama og þeir. Ég held að þessi dýnamík sem við höfum náð að skapa hér og sá mikli sköpunarkraftur sem felst í henni muni áfram halda sínu gildi þótt sveiflurnar verði upp og niður á heimsmarkaðnum. Þegar ég ræði við sérfræðinga í efnahagsþróun og þjóðfélagsbreytingum, hvort sem það eru háskólaprófessorar eða ráðgjafar hjá fyrirtækjum eða stjórnvöldum, eru allir sammála um að mikilvægasti eiginleikinn sem liggur til grundvallar framförum á 21. öldinni sé

sköpunarkrafturinn. Það er alltaf hægt að ná í fjármuni einhvers staðar í veröldinni en ef sköpunarkraftinn skortir þá mun vindur fljótt fara úr seglum. Sköpunarkrafturinn er enn mjög ríkur á Íslandi. Það er ekki fjármagnið sem hefur knúið útrásina og efnahagslega velferð, framfarirnar á Íslandi, heldur hinn mikli sköpunarkraftur sem birtist í samskiptum fólks úr öllum áttum, nýjum hugmyndum og tækifærum. Ég sé engin merki um að þessi sköpunarkraftur sé að dvína. Þess vegna er ég mjög bjartsýnn á framtíðina. Þótt nýja árið verði kannski eitthvað öðruvísi en hin fyrri held ég að okkur muni áfram vegna vel meðan við höfum sköpunarkraftinn.“